

Mál nr. 422/2020**M og
V v/ ábyrgðartryggingar veitufyrirtækis.****Ágreiningur um bótaskyldu er „dimmerar“ skemmdust eftir að eldur kviknaði í tengiskáp.****Gögn.**

Málskot, móttækið 14.12.2020, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 7.1.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 10. desember 2019 kviknaði eldur í rafmangstengiskáp í eigu A á bifreiðastæði á milli fjölbýlishúsa þar sem M býr, en tengikassinn mun vera um 50 m frá sjó. Við atvikið fór rafmagn af í nágreinninu og sjö „dimmerar“ munu hafa skemmst (brunnið yfir) á heimili M.

M kveður saltúða hafa gengið yfir tengiskápinn sem hafi valdið því að eldur kviknaði, en tengiskápur eins og hér um ræðir og sem stendur svo nærri sjó eins og raun ber vitni eigi að þola að saltúði gangi yfir hann. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna tjónsins sem hún varð fyrir.

V kveður sjó hafa gengið á land og yfir tengiskápinn sem hafi gert það að verkum að ljósbogi hafi myndast í tengiskápnum og bilun orðið í lágspennustreng. Hefur V hafnað bótaskyldu.

Álit.

Þótt aðila greini á um hvort sjór eða saltúði hafi gengið yfir tengiskápinn umrætt sinn liggur ekki fyrir að bilun eða galli í sjálfum tengiskápnum hafi valdið því að sjór eða saltúði hafi náð inn í skápinn og valdið því að eldur kviknaði í skápnum og bilun varð í lágspennustreng. Ekki hefur komið fram að eldurinn hafi valdið öðru tjóni en því sem varð hjá M. Að öllu athuguðu verður að telja ósannað að tjónið verði rakið til vanbúnaðar eða galla í tengiskápnum eða annarra atvika sem A getur borið ábyrgð á. Hún á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 2. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.